

Ríkissjóður greiði dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns kr. 10.000.00.

Allan annan kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000.00, greiði ákærði Jósafat Arngrímsson að hálfu, en ákærðu Þórður Einar Halldórsson, Eyþór Þórðarson, Áki Guðni Gränz og Albert Karl Sanders að hálfu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 38/1967. **Ákæruvaldið**
 gegn
Sigurði Helga Ingbórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. febrúar 1967, sem hingað barst 1. þ. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breytingu á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómarans á dómþingi 14. febrúar 1967 um að ljúka máli á hendur kærða Sigurði Helga Ingbórssyni með sáttargerð.

Með dómssátt, gerðri í sakadómi Húnavatnssýslu 2. nóvember 1966, gekkst kærði undir að greiða kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella 6 daga varðhaldi, yrði sektin ekki greidd innan 3 vikna, og vera sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 20. nóvember 1966 fyrir brot gegn 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958.

Hinn 19. janúar 1967 kærðu þeir Hjálmar Eyþórsson lögreglumaður og Svavar Pálsson bifreiðaeftirlitsmaður kærða fyrir að hafa sama dag ekið bifreiðinni H 620 um götur kaupsins á Skagaströnd. Kærði viðurkenndi brot sitt fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967. Héraðsdómariinn

ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig að kærði greiddi kr. 1.000.00 sekt í rikissjóð og yrði sviptur ökuleyfi sínu í einn mánuð. Samþykkti kærði sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varðar akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi, varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dómsáttina úr gildi.

Það er athugavert, að héraðsdómari hefur eigi getið refsí-ákvæða þeirra, sem hann taldi brot kærða varða við.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Sigurður Helgi Ingþórsson, gekkst undir fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967, er úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967.

Mættur er Sigurður Helgi Ingþórsson verkamaður, Uppsölum, fæddur þar 3. 9. 1947. Mætta er kunnugt um ástæðu fyrirkallsins. Jafnframt er gætt ákvæða laga nr. 82/1961, 77. gr., 2. mgr. Hann kveðst vilja skýra frá málavöxtum.

Dómarinn leggur fram lögregluskýrslu, dags. 19. jan. 1967, frá lögreglunni í Húnavatnssýslu. Skýrslan þingmerkt nr. 1. Upplesin, svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 19. 1. 1967 um kl. 2140, er undirritaður var á eftirlitsferð um Skagaströnd ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, Svavari Pálssyni, urðum við varir þess, að bifreiðinni H 620 var ekið frá Holti á Skagaströnd og niður á bryggju. Við nánari athugun kom í ljós, að á bifreiðinni H 620 var ökumaður Sigurður Ingþórsson frá Uppsölum í Þingi.

Þar sem nefndur Sigurður hafði misst ökuskýrteini sitt í nóvember s.l., hafði undirritaður tal af honum, er hann steig út úr bifreiðinni, er hann hafði ekið til baka heim að Holti í Höfðakaupstað.

Aðspurður kvaðst Sigurður aðeins hafa verið að fara með tengda-föður sinn, Bjarna Helgason, að báti hans. Einnig kvað hann föður

sinn, Ingbór Sigurðsson, Uppsölum, hafa ekið bifreiðinni til Skagastrandar. Viðurkenndi Sigurður að vera ökuskýrteinislaus, en taldi þetta ekki alvarlegt brot hjá sér.

Þetta tilkynnist yður hér með, hr. sýslumaður.

Virðingarfyllst.

Hjálmar Eypórsson,

lögregluþj. nr. 1.“

Dómarinn býður mætta upp á, að hann greiði nú þegar kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs og missi ökuleyfi í mánuð í viðbót, en hann átti að fá ökuleyfi aftur 20. marz n. k., þannig að hann fái ökuskírteinið 20. apríl n. k.

Mætti sættir sig við þessi úrslit og samþykkir sáttina.

Upplesið. Samþykkt.

Sigurður Ingbórsson.

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 43/1967. **Áki Jakobsson**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík og Halldóri
Sigfússyn, skattstjóra í Reykjavík.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. febrúar 1967, sem Hæstarétti barst 6. marz 1967. Gerir hann þá kröfu, að varnaraðilja Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, verði dæmt að koma fyrir dóm og svara sem vitni spurningum þeim, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar, Gjaldheimtan í Reykjavík og Halldór Sigfússon, skattstjóri í Reykjavík, hafa krafizt þess, að hinn